

# Norrænir músíkdagar

.....  
NORDIC MUSIC DAYS

06.10.2011



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

.....

Verk Uljas Pulkkis tekur um 25 mínútur í flutningi,  
Obsession Garden eftir Perttu Haapanen um 18 mínútur,  
Neptuni ákrar Henriks Strindberg er nálæg 20 mínútum og  
Endurtekning endurtekningarinnar eftir Einar Torfa Einarsson um 8 mínútur.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.  
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

.....

Uljas Pulkkis work takes about 25 minutes, Perttu Haapanens about 18 minutes,  
Neptune's field by Henrik Strindberg close to 20 minutes and  
Repetition of Repetition by Einar Torfi Einarsson is about 8 minutes long.

Please switch of your mobiles during the concert.

The concert is live on Channel 1, at RÚV,  
and can be reached for two weeks on [www.ruv.is](http://www.ruv.is)



# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS / ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA

---

HARPA, ELDBORG 06.10. 2011 KL. 19.30

---

**Martyn Brabbins**, hljómsveitarstjóri / conductor

**Minna Pensola**, fiðluleikari / violinist

**Janne Rättyä**, harmonikkuleikari / accordionist

---

**Henrik Strindberg**      *Akrar Neptúnusar / Neptuni Ákrar /  
Neptune's fields (2006)*

**Uljas Pulkkis**              *Kristallamyndanir / Crystallizations (2008)*  
*fyrir hljómsveit, fiðlu og harmonikku /  
for orchestra, violin and accordion*

*Hlé / Intermission*

**Einar Torfi Einarsson**      *Endurtekning endurtekningarinnar /  
Repetition of Repetition (2011)*  
*frumflutningur / world premiere*

**Perttu Haapanen**              *Dráhyggjugarður / Obsession Park (2009, endursk. 2011)*  
*Wrong Funerals*  
*Neuroplastic Dance*  
*Crank Driven Caresses*  
*Obsession Park*  
*Theme Song*

## Martyn Brabbins



Breski hljómsveitarstjórinn Martyn Brabbins þykir einn fremsti hljómsveitarstjóri Evrópu þegar kemur að því að flytja tónlist frá síðari hluta 19. og upphafi 20. aldar. Hann er nú á sínu öðru ári sem aðalgestastjórnandi Flæmsku fílharmóníuhljómsveitarinnar í Antwerpen, en áður stjórnaði hann lengi BBC sinfóníuhljómsveitinni í Skotlandi. Eftir að hann lauk námi í tónsmíðum í London, hélt hann til Leningrad þar sem hann lærði hljómsveitarstjórn hjá Ilya Mushkin. Ferill hans fór svo á flug eftir að hann vann til fyrstu verðlauna í Hljómsveitarstjórakeppninni í Leeds. Síðan þá hefur hann stjórnað víða um lönd, öllum helstu hljómsveitum á Bretlandi, verið eftirsóttur í Evrópu, á Norðurlöndum og í Ástralíu og nú síðast í Japan. Hann hefur verið ötull við útgáfu hljómdiska – hefur hljóðritað yfir 30 hljómdiska fyrir hina virtu Hyperion-útgáfu.

.....

British conductor Martyn Brabbins has had an impressive career, and is well known for his affinity with music from the late 19th/early 20th centuries. He is now in his second season as Principal Guest Conductor of the Royal Flemish Philharmonic in Antwerp and was for many years Associate Principal Conductor of the BBC Scottish Symphony. After studying composition in London and then conducting with Ilya Musin in Leningrad, his career was launched when he won first prize at the 1988 Leeds Conductors' Competition. Brabbins has regularly conducted all the major UK orchestras and is much sought-after in Europe, Scandinavia, Australia and more recently Japan. He has released over 30 CD's with Hyperion.

## Minna Pensola



Allt frá því fiðluleikarinn Minna Pensola vann þriðju verðlaun í norrænu tónlistarkeppninni NordSol árið 1997 hefur hún verið hlaðin verkefnum og bæði komið fram sem kammertónlistarmaður og einleikari. Hún er einn af stofnendum strengjakvartettsins Meta4 sem hefur unnið til mikilsvirtra verðlauna, hlaut fyrstu verðlaun í Dmitri Shostakovich- strengjakvartetta-keppninni árið 2004, og fyrstu verðlaun í Joseph Haydn kammertónlistar-keppninni árið 2007. Minna Pensola nam við Sibelíusarakademiuna í Helsinki, Tónlistarháskólann í Zürich og Evrópsku kammertónlistarakademíuna (ECMA). Hún er nú listrænn stjórnandi Sumarhljóðhátíðarinnar í Sysmä í Finnlandi og hefur einnig frískað hressilega uppá næturlífið í Helsinki allt frá árinu 2008, með því að hleypa af stökkunum klúbbi þar sem eingöngu er leikin klassískri tónlist. Hljóðfærið sem hún leikur á er A. Bellosio frá 1770, sem hún hefur góðfúslega að láni hjá finnskum banka, Osuuspankki í Sysmä.

.....

Since winning 3rd prize at the Nordic NordSol Competition in 1997, Minna Pensola has performed extensively as a chamber musician and soloist. She is a founding member of string quartet Meta4 which won the first prize of the Dimitri Shostakovich String Quartet Competition in 2004 and the Joseph Haydn Chamber Music Competition in 2007. Minna Pensola studied at the Sibelius Academy in Helsinki, Musikhochschule Zürich and European Chamber Music Academy (ECMA). She is Artistic Director of the Sysmä Summer Sounds Festival in Finland and has also spiced up the Helsinki night life by launching there a club for classical music in 2008. Minna Pensola plays an A. Bellosio (1770) kindly on loan from the Local Cooperative Bank of Sysmä.

## Janne Rättyä



Finnski harmónikkuleikarinn Janne Rättyä var ungur að árum þegar hann uppgötvaði hljóðfærið sitt og var aðeins 11 ára fékk hann inngöngu í unglingsdeild Síbelíusaraka-demíunnar í Helsinki. Hann útskrifaðist þaðan með meistaraþráðu árið 1998. Hann lauk einleikarprófi frá Folkwang Hochschule í Essen með láði, tveimur árum síðar. Janne Rättyä varð fyrstur manna til að halda klassíska harmónikkutónleika í kammer-tónleikasal Berlínarfílharmóníunnar. Hann er á faraldsfæti eins og aðrir tónlistarmenn í fremstu röð, spilar í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu, jafnt með kammerhópum sem stærri hljómsveitum. Hann hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir leik sinn, og ber þar hæst fyrstu verðlaun í Arrasate Hiria keppninni á Spáni árið 1996. Mörg tónskáld hafa samið fyrir hann og hljóðfærið hans, eins og t.d. Uljas Pulkkis. Rättyä hefur verið prófessor í klassískum harmónikkuleik við Tónlistar- og leiklistarháskólann í Graz í Austurríki frá 2003. Rättyä gefur út hjá VMS og Octavia Records.

.....

The Finnish accordionist, Janne Rättyä was very young when he discovered the accordion. He was only 11, when he was accepted as a student at the Youth Academy of the Sibelius Academy in Helsinki and completed his Mmus degree from there in 1998. Rättyä finished his post-graduate studies at the Folkwang Hochschule Essen with distinction in 2000. Rättyä debuted in the Chamber Hall of the Berlin Philharmonic performing the first classical accordion recital ever presented there. He performs as a soloist and chamber musician throughout Europe, in U.S.A. and Asia and has been awarded numerous prizes, most notably first prize in the Arrasate Hiria competition in Spain in 1996. Many contemporary composers, like Uljas Pulkkis, have written for Rättyä and his instrument. Since 2003 he has been a professor in Classical Accordion Studies at the University of Music and Dramatic Arts in Graz, Austria. Rättyä appears under the CD labels VMS and Octavia Records.

## Henrik Strindberg

*Akrar Neptúnusar / Neptuni Ákrar /  
Neptunus field*



Henrik Strindberg (1954) er ekki bara tónskáld, því hann hefur verið meðlimur í hinni framsæknu rokkhljómsveit *Ragnarök* frá því á 8. áratugnum, var reyndar einn af stofnendum sveitarinnar sem gaf út sína fyrstu plötu árið 1976. Nokkur ár eru síðan hljómsveitin tók aftur upp þráðinn og gaf út nýja plötu árið 2008, *Path*, sem fékk góðar viðtökur. Strindberg nam tónsmíðar við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi á árunum 1980-1987, þar sem Gunnar Bucht og Sven-David Sandström voru kennarar hans, hjá liannis Xenakis í Delfi á Grikklandi og við IRCAM, Raftónlistarstofnunina í París. Hann er nú kennari við Tónskáldaskólann í Gautaborg, sem hefur þá sérstöðu meðal tónlistarskóla að kenna eingöngu tónsmíðar og hann er meðlimur í Konunglegu sænsku tónlistarakademíunni. Verk hans hafa verið flutt af ýmsum þekktum hljóðfærahópum, eins og Sænsku útvarpshljómsveitinni, slagverkshópnum Krumata, kammersveitinni Sonanza og gítardúóinu „The Gothenburg Combo“. Ýmsir þekktir erlendir tónlistarhópar hafa pantað af honum verk og hann hefur starfað með mörgum framúrskarandi sænskum einleikum, kammerhópum og hljómsveitum. og verk hans hafa bæði verið hljóðrituð og flutt á tónlistarhátíðum. Verkið *Akrar Neptúnusar*, sem verður flutt á þessum tónleikum, hlaut stóru Christ Johnson verðlaunin árið 2007, hin virtu Rosenbergverðlaun árið 2008 og árið 2010 fékk hann sænsku Grammis-verðlaunin, sem hann deildi með öðrum, fyrir verkið *Timeline*. Í tónsmíðum sínum beinir Henrik Strindberg aðallega sjónum að hryn og hljóði.

Henrik Strindberg um *Akra Neptúnusar*:

„*Akrar Neptúnusar* er nafn okkar á landspildu ekki langt frá Torp, hún er við ströndina, eitt byssuskot á breidd og nokkur byssuskot á lengd“ (*Úr Ferð Linnaeus til Ölands*, 1741).

Verkið *Akrar Neptúnusar* dregur nafn sitt af samnefndri landspildu. Brotnir hljómar mynda gagnsæjar tónaöldur, sem falla með ákveðnum hryn og eru ægifagar. Þær mynda sjónrænan dans á sviðinu þegar bogahreyfingarnar breiðast frá sellódeildinni yfir til fiðlanna. Verkið er í hópi verka sem Strindberg nefnir „Hryn og hljóð“ en þar er einnig að finna píanótríó, verk fyrir blandaðan kammerhóp og einleiksverk fyrir fiðlu.

Verkið *Akrar Neptúnusar* var pantað af Konserthuset í Stokkhólmi og frumflutt af Konunglegu filharmóníufélögunum árið 2006 undir stjórn Tómasar Netopil. Það fékk svo, eins og áður sagði stóru Christ Johnson verðlaunin ári síðar.

.....

As a young man Henrik Strindberg (1954) was a founding member of the progressive rock band *Ragnarök* who's first album was released in 1976. *Ragnarök* has reunited since and their new CD *Path* was very well received when released in 2008. Henrik Strindberg studied composition at the Royal University College of Music in Stockholm in 1980-1987, with Gunnar Bucht and Sven-David Sandström. He also studied with Iannis Xenakis in Delphi and at IRCAM in Paris. Strindberg is teaching composition at the Gotland School of Music Composition, which only teaches composition, and he is a member of the Swedish Royal Academy of Music.

He has had commissions from several international ensembles and has collaborated with excellent Swedish soloists, ensembles and orchestras, such as The Swedish Radio Orchestra, the percussion ensemble Krumata, Sonanza Ensemble and the guitar duo "The Gothenburg Combo". A number of works have been recorded and performed at festivals. Strindberg received the big Christ Johnson Prize 2007 for *Neptune's Field*, the Rosenberg Prize 2008 and a shared Swedish Grammis award 2010 for *Timeline*. In his music Henrik Strindberg focus is on rhythm and sound.



Henrik Strindberg on *Neptune's field*:

„*Neptune's field* is our name for a place 1/8 of a mile from Torp, on the seashore, one gunshot wide, a few gunshots long.“ From *Linnaeus's Öland Journey 1741*.

In *Neptune's field*, arpeggiation on harmonics are organized in big waves that are transparent, have rhythmic energy and are amazingly beautiful. And for the eye: choreography. Again and again we see the dance like bowing movements as they spread from the cello section to the violins. *Neptune's Field* belongs to the “Rhythm and Sound” family of works that also includes a piano trio, a piece for mixed ensemble and a violin solo.

*Neptun's fields* was commissioned by Konserthuset in Stockholm and premiered by Kungl. Filharmonikerna, led by Tomas Netopil in 2006. He was awarded the big Christ Johnson prize 2007.

## Uljas Pulkkis

*Kristallamyndanir / Crystallizations*



Uljas Pulkkis (1975) er eitt af markverðustu ungu tónskáldunum sem nú starfa á Norðurlöndum. Hann hefur aðallega samið fyrir hljómsveitir og á verkaskrá hans er að finna hvorki fleiri né færri en 15 konserta fyrir ýmis hljóðfæri, og tvö stór sviðsverk fyrir stóra hljómsveit, einsöngvara og kór. Hann hefur unnið til ýmissa verðlauna og var ekki nema tæplega tvítugur þegar hann hreppti fyrstu verðlaunin í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel fyrir píanókonsert sinn og aðeins tveimur árum síðar vann hann til gullverðlauna í Mahlerkeppninni í Klagenfurt í Þýskalandi. Hann vann einnig fyrstu verðlaun á Alþjóðlega tónskáldaþinginu í París árið 2001 fyrir fiðlukonsertinn sinn *Enchanted Garden*, og hefur nokkrum sinnum átt verk í úrvalsflokki þingsins. Um þessar mundir vinnur hann að óperu í fullri lengd um Urho Kekkonen, fyrrverandi forseta Finnlands.

Uljas Pulkkis um *Kristallamyndanir*:

*Crystallizations* eða *Kristallamyndanir* frá árinu 2008 er tvöfaldur konsert fyrir harmonikku og fiðlu. Hljómsveitarparturinn er skrifaður fyrir 19 strengi þar sem hver rödd er sjálfstæð, sem vísar til verks Richards Strauss, *Ummyndanir*. Verkið skiptist í þrjú hluta, *Kristallamyndanir* I, II og III. Í fyrsta hlutanum er kadensa fyrir fiðlu, í öðrum er kadensa fyrir harmonikku og í þeim þriðja koma allir þræðir verksins saman og mynda hápunktinn. Stefjaefni verksins er aðallega lítill hymni eða sálmalag, sem heyrist í lengdri gerð í upphafi verksins, og mjög stuttri og þróttmikilli útgáfu undir lok þess. Til viðbótar við strengjahljóðfærin í hljómsveitinni hef ég bætt við tveimur vínglösum, sem kontrabassaleikararnir spila á.

.....

Uljas Pulkkis (1975) is one of the most interesting young composers at the moment in the Nordic countries. Most of his compositions are for orchestras and his catalogue includes 15 concertos for various instruments as well as two large stage works for large orchestra, soloists and choir. He has won important prizes, and he was not even twenty years old when he won 1st prize in the Queen Elizabeth-competition in Brussel for his piano concerto, and only two years later, the gold-medal at the Mahler Competition in Klagenfurt in Germany. In 2001 he won first prize at The International Rostrum of Composers in Paris, for his violin concerto and his works have often been on the list of recommended works. Currently he is working on a full length opera about former Finnish president Urho Kekkonen.

Uljas Pulkkis on *Crystallizations*:

*Crystallizations* from 2008 is a double concerto for accordion and violin. The orchestra part is written for 19 strings, and each has its own part, which points in that to Richard Strauss's *Metamorphosis*. *Crystallization* is divided into three sections, *Crystallization I, II and III*. The first section contains cadenza for violin, the second, cadenza for accordion, and the third culminates the whole work. Thematic material contains a small hymn which can be heard prolonged in the beginning and in very tight and energetic form on the end. In addition to string and accordion sounds I have added two wine glasses which are operated by double bass players.

## **Einar Torfi Einarsson**

*Endurtekning endurtekningarinnar /*

*Repetition of Repetition*

*frumflutningur / world premiere*



Einar Torfi Einarsson (1980) þykir með áhugaverðari tónskáldum yngri kynslóðarinnar hér á landi. Hann lagði stund á klassískan gítarleik og tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík, þar sem aðalkennari hans í tónsmíðum var Guðmundur Hafsteinsson, hélt svo til náms í Amsterdam og útskrifaðist þaðan með Mmus-gráðu árið 2009. Það haust hóf hann doktorsnám við háskólann í Huddersfield í Englandi og gerir ráð fyrir að útskrifast á næsta ári. Einar Torfi hefur einnig sótt meistaranámskeið og einkatíma hjá ýmsum virtum tónskáldum, þar á meðal eru ekki ómerkari menn en Salvatore Sciarrino og Brian Ferneyhough. Einar Torfi hefur starfað með tónlistarhópum eins og Klangforum í Víinaborg, Elision, Ensemble Intercontemporain, Asko Ensemble og Caput. Hann hefur unnið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, m.a. í Impuls-tónsmíðakeppninni árið 2009 og Alþjóða tónskáldaþinginu í Dublin árið 2008. Verk hans hafa einnig verið flutt á tónlistarhátíðum víða um lönd. Verk hans, Endurtekning endurtekninganna, var pantað af Sinfóníuhjómsveit Íslands í tilefni af Norrænum músíkdögum.

Einar Torfi um *Endurtekningu endurtekninganna*:

Í flestum verka minna undanfarin ár hef ég rannsakað láréttar hellur þar sem ólíkar hljóðeiningar eru settar fram hlið við hlið. Sú aðferð knýr okkur til að upplifa tímenn línulega. Í þessu verki er hinsvegar tekin upp önnur nálgun. Láréttum eiginleikum tímans er snúið og hinn lóðrétti ás hans er kannaður; það er „snúið upp á“ tímenn. Með urmul endurtekninga af mismunandi stærðum sem mynda samfellu er allri hliðskipun og láréttum eiginleikum eytt. Með þessu móti sjáum við fyrir okkur mun á endurtekningunum og horfum á breytinguna sjálfa. Með því að snúa tímaásnum verður hver þáttur ávallt til staðar; ákveðinn samruni á því sem var, er og verður, en um leið er mismunurinn samfelldur – og eining verður

milli þess sem er eins og þess sem er breytilegt. Þessi urmull endurtekninga, valið á efniviðnum og styrkleikabreytingarnar vinnur allt saman og skapar tengsl og gagnvirkni milli þessara þriggja sviða og saman mynda þau tvenndir greinarmuns og óskýrleika, skýrleika og ruglings, hvað varðar tengsl heildar og einstakra hluta, þ.e. ef heildin er skýr verða hinir einstöku hlutar ruglingslegir og ef hlutarnir eru aðgreindir verður heildin óskýr, bæði lóðrétt og lárétt.

„Annaðhvort segjum við að meðvituð skynjun á hávaðanum sé skýr en ruglingsleg (ekki aðgreind) vegna þess að hinar smáu aðgreinanlegu skyntúlkanir eru sjálfar ekki skýrar heldur ógreinilegar (óskýrar); eða við segjum að hinar smáu skyneiningar séu sjálfar afmarkaðar og óskýrar: afmarkaðar vegna þess að þær grípa mismunandi sambönd: óskýrar vegna þess að þær eru ekki enn „þekktar“, ekki en „afmarkaðar.“ (Deleuze)

.....

Einar Torfi Einarsson (1980) is amongst the most interesting composers of the younger generation in Iceland at the moment. He studied classical guitar and composition at the Reykjavík College of Music, where his main teacher in composition was Guðmundur Hafsteinsson. In 2005 he moved to Amsterdam, where he finished his Mmus degree in 2009. That year he started on his PhD program at Huddersfield University in England, which he plans to finish in 2012. Einar Torfi Einarsson has attended master-classes and private classes with distinguished composers, such as Salvatore Sciarrino and Brian Ferneyhough. He has worked with Ensembles such as Klangforum Wien, Elision, Ensemble Intercontemporain, Asko and the Icelandic Caput. He has received appreciation for his compositions, at Impuls, International Composition Competition, and Rostrum in Dublin 2008, and his work has been performed at various festivals.

Einar Torfi Einarsson on *Repetition of Repetition*:

Most of my recent work has explored horizontal blocks, i.e. juxtapositions of different or contrasting sound identities. That method forces a linear experience of time. In this piece I take a different approach. The horizontality of time is rotated resulting in an exploration of vertical time – the ‘time out of joint’. With myriad of repetitions of different sizes, which render continuous alterations and form the obscured repetition, we eliminate juxtaposition and horizontality. In this manner we anticipate to repeat difference and to approach change itself, to ‘verticalize’ time so that each element is present at all times, a synthesis of the ‘before’, ‘during’, and the ‘after’, but at the same time continuously different – a ‘unilateralization’ of sameness and difference. Furthermore, the cooperation between the myriad-repetition structure, choice of materials and dynamics – whose resonances, on and between these three levels, dove-tail into, and fold, each other – forms a coupling between distinction and obscurity, as well as clarity and confusion, in terms of whole / part relation, i.e. if the whole is clear the parts become confused and if the parts are distinct the whole becomes obscure, both vertically and horizontally.

“Either we say that the apperception of the whole noise is clear but confused (not distinct) because the component little perceptions are themselves not clear but obscure; or we say that the little perceptions are themselves distinct and obscure (not clear): distinct because they grasp differential relations and singularities; obscure because they are not yet “distinguished”, not yet differentiated.” (*Deleuze*)

## Perttu Haapanen

*Þráhyggjugarðurinn / Obsession Park*



Perttu Haapanen (1972) lærði tónsmíðar við Síbelíusarakademíuna í Helsinki þar sem helstu kennarar hans voru Erkki Jokinen og Paavo Heininen. Hann lauk meistaraþrófi þaðan með láði árið 2002 og árið 2004 var hann við nám í raftónlist við IRCAM-raftónlistarstofnunina í París. Hann hefur sótt meistaranámskeið hjá þekktum tónskáldum í Finnlandi, eins og Magnus Lindberg, Jouni Kaipainen og Kaiju Saariaho og í Avignon í Frakklandi árið 2000 hjá Jonathan Harvey og Michael Jarrel. Tónlist hans hefur hljómað á tónlistarhátíðum víða um lönd, eins og t.d. Nútímatónlistarhátíðinni í Vínarborg, Norrænum músíkdögum, Musika Nova í Helsinki og víðar.

Helstu verk hans eru kammeróperan *Solity:d* frá 2003, saxófónkonsert frá sama ári, *Ladies' Room* frá 2007, fyrir sópran og kammersveit sem var eitt úrvalsverka á Alþjóðlega tónskáldaþinginu í Dublin árið 2008, og kórverkið *Khoorg* frá árinu 200 sem var í flokki úrvalsverka á Tónskáldaþinginu í Vínarborg árið 2003.

Perttu Haapanen um *Þráhyggjugarðinn*:

Draumkennd rökfræði og hugrenningatengsl eru grunnhugmyndirnar í fimm köflum *Þráhyggjugarðsins*. Bæði tónefnið og tíminn í tónlistinni breyta yfirbragði sínu og hlutverkum, eins og persónur og umhverfi í japönskum teiknimyndum. Í framsetningarmáta verksins er jafnvel hægt að finna ýmis líkindi við frásagnarmáta japanskra teiknimynda, sem er allt í senn, hárfínn og gróteskur, háðskur og alvarlegur. Barnæska, þroski, bæling og órar, allt er þetta samtímis til staðar og blandast saman. Verkið er tileinkað Dima Slobodeniouk og var pantað af tónlistarhátíðinni í Korsholm.

---

Perttu Haapanen (1972) studied composition at the Sibelius-Academy with Erkki Jokinen and Paavo Heininen, and graduated cum laude in 2002, and in 2004 he studied electro-acoustic music at IRCAM in Paris. He attended masterclasses held by outstanding composers in Finland, Magnus Lindberg, Jouni Kaipainen og Kaiju Saariaho and in Avignon, France in 2000 with Jonathan Harvey og Michael Jarrel. His music has been performed at various Music festivals like Wien Modern, Nordic Music Days, and Musica Nova Helsinki and many others.

His main work is the chamber opera *Solity:d* from 2003, saxophone concerto from the same year, *Ladies' Room* from 2007, for soprano and chamber orchestra which was one of there reccomended works at International Rostrum of Composerts Dublin 2008, and *Khoorg*, for mixed choir which was in the reccomended group at Rostrum in Vienna in 2003.

Perttu Haapanen on *Obsession Park*:

Dream-like logic and associative connections are essential formal ideas behind five movements of *Obsession Park*. Both the musical materials and musical time change their appearances and functions like characters and environments in Japanese anime. In terms of expression a kind of analogies may be found to anime's shrouded, at the same time grotesque and subtle, ironic and serious narration. Childhood, maturity, regression and fantasy, they all are present at the same time and mingled together. *Obsession Park* is dedicated to Dima Slobodeniouk and was commissioned by Korsholm Music Festival.

**INGIBJÖRG EYDÓRSDÓTTIR**



## Sinfónían á Airwaves 13. október

*Stærsta hljómsveitin á Airwaves*



Nú tekur Sinfóníuhljómsveitiní fyrsta sinn þátt í Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefur sett svip sinn á tónlistarlíf Reykjavíkur allt frá árinu 1999. Á þrennum tónleikum hljóma verk eftir íslensk tónskáld af yngri kynslóðinni, auk þess sem einn fremsti nútímatónlistarhópur Bandaríkjanna flytur eitt af meistaraverkum mínímalismans, Different Trains eftir Steve Reich.

### **Kl. 20:00**

Valgeir Sigurðsson: Draumalandið

### **Kl. 21:00**

Daníel Bjarnason: Processions, píanókoncert

Daníel Bjarnason: Birting

Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson

### **Kl. 22:00**

Steve Reich: Different Trains

Einleikarar: ICE (International Contemporary Ensemble) strengjakvartett

Miðaverð er 2.500 kr. og gildir miðinn á alla þrenna tónleikana.

Þeir sem kaupa sig inn á Airwaves hátíðina fá ókeypis aðgang.

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

06.10. 2011

## 1. FIÐLA / 1ST VIOLIN

Sif Margrét Tulinius  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Martin Frewer  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Mark Reedman  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Lin Wei  
Ágústa María Jónsdóttir  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

## 2. FIÐLA / 2ND VIOLIN

Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Joanna Bauer  
Kristján Matthíasson  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Helga Steinunn Torfadóttir  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross

## VÍÓLA / VIOLA

Helga Þórarinsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrunð Harðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ / CELLO

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Lovisa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

## BASSI / BASS

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA / FLUTE

Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ / OBOE

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthias Nardeau

## KLARINETT / CLARINET

Einar Jóhannesson  
Ármann Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT / BASSOON

Rúnar Vilbergsson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Brjánn Ingason

## HORN / HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Porkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET / TRUMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA / TROMBONE

Oddur Björnsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA / TUBA

Austin Howle

## HARPA / HARP

Katie Buckley

## PIÁNÓ & CELESTA /

## PIANO & CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR / TIMPANI

Eggert Pálsson

## SLAGVERK / PERCUSSION

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



**BORGUN**

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • [www.borgun.is](http://www.borgun.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



Denis Matsuev



Rumon Gamba

TÓNLEIKAR 03.11.11 » 19:30 / 04.11.11 » 19:30

# Pláneturnar

**Sergei Rakhmaninoff:** *Píanókonsert nr. 2*

**Gustav Holst:** *Pláneturnar*

**Rumon Gamba** hljómsveitarstjóri

**Denis Matsuev** einleikari

**Vox feminae** kór

**Margrét Pálmadóttir** kórstjóri

Pláneturnar eru eitt glæsilegasta hljómsveitarverk 20. aldar. Hér er sjö reikistjörnum lýst í tónum með sérlega áhrifamiklum hætti.

Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmaninoff er ein ást-sælasta tónsmíð meistarans og sennilega mest leikni píanókonsert 20. aldarinnar, hér í flutningi eins fremsta píanista heims, Denis Matsuev.

BORGUN



GAMMA  
GAM Management Ltd